

Mæting á námskeiðið er klukkan 13:00 í innganginn í Fagralundi. Þar finna börnin sinn leiðbeinanda en mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn finni leiðbeinanda námskeiðsins og láti vita að barnið er mætt á námskeiðið, leiðbeinendur mæta 5 mínútum áður en námskeiðið byrjar. Að gefnu tilefni er ekki leyfilegt að mæta hálf tíma fyrir námskeiðið og skilja barnið sitt eftir í Fagralundi.

Mikilvægt er að sækja barnið á réttum tíma ef barnið er ekki að fara í gæslu. Börnin eru sótt í tengibygginguna við Fífuna. Ef barnið ykkar mætir ekki einhvern daginn megið þið endilega senda póst á sumarnamskeid@breidablik.is og láta vita af því.

ATH bannað er að koma með hnetur í nesti þar sem iðkendur á námskeiðunum gætu verið með bráðaofnæmi fyrir hnetum.

Foreldrum/forráðamönnum barna með sérþarfir býðst að sækja um stuðning fyrir börn sín á almenn sumarnámskeið og hvetjum við foreldra til að nýta sér það. Hér er linkur sem hægt er að sækja um stuðning: <https://sumar.kopavogur.is/hrafninn-trod/serst-sumarst/>

Hér er dagskráin fyrir sumarið.

Knattspyrnunámskeið Breiðabliks 13:00-16:00 Fagrilundur

Dagskrá fyrir vikur 24, 26, 28 og 30.

<u>Tími</u>	<u>Mán.</u>	<u>Þri.</u>	<u>Mið.</u>	<u>Fim.</u>	<u>Fös.</u>
13:00-13:15	Lesið upp, Skipta í hópa	Lesið upp, Finna sinn hóp	Lesið upp, Finna sinn hóp	Lesið upp, Finna sinn hóp	Lesið upp, Finna sinn hóp
13:15-13:30	Upphitun/leikir	Upphitun/leikir	Upphitun/leikir	Upphitun/leikir	Upphitun/leikir
13:30-14:30	Stöðvar: áhersla á tækni	Stöðvar: áhersla á Skot	Stöðvar: áhersla á 1vs1	Stöðvar: áhersla á 2vs2	Deildarkeppni
14:30-14:50	Nesti				
14:50-15:50	Klára stöðvar og enda á spili	Klára stöðvar og enda á spili	Klára stöðvar og enda á spili	Klára stöðvar og enda á spili	Deildarkeppni-úrslit og vító
15:50-16:00	Niðurlag/ Teygjur	Niðurlag/ Teygjur	Niðurlag/ Teygjur	Niðurlag/ Teygjur	Niðurlag/ Teygjur

Dagskrá fyrir vikur 25, 27, 29 og 31

Tími	Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.
13:00-13:15	Lesið upp, Skipta í hópa	Lesið upp, Finna sinn hóp	Lesið upp, Finna sinn hóp	Lesið upp, Finna sinn hóp	Lesið upp, Finna sinn hóp
13:15-13:30	Upphitun/leikir	Upphitun/leikir	Upphitun/leikir	Upphitun/leikir	Upphitun/leikir
13:30-14:30	Stöðvar: áhersla á tækni	Stöðvar: áhersla á sendingar og móttöku	Stöðvar: áhersla á 1vs1	Stöðvar: áhersla á 2vs2	Keppnir og boltaprautir
14:30-14:50	Nesti				
14:50-15:50	Klára stöðvar og enda á spili	Klára stöðvar og enda á spili	Klára stöðvar og enda á spili	Klára stöðvar og enda á spili	Deildarkeppni-úrslit og vító
15:50-16:00	Niðurlag/Teygjur	Niðurlag/Teygjur	Niðurlag/Teygjur	Niðurlag/Teygjur	Niðurlag/Teygjur

Breiðablik áskilur sér rétt til að breyta dagskránni (t.d. vegna veðurs eða mætingar á námskeiðið). Börnin eru beðin um að koma í íþróttafötum og helst í íþróttaskóm og klædd eftir veðri!

Gott er að vera með aukaföt í töskunni ef eitthvað kemur upp á. Námskeiðið einkennist af mikilli hreyfingu svo þægilegir skór eru mjög mikilvægir (íþróttaskór bestir). Einnig eru börnin beðin um að koma með létt nesti. Við biðjum foreldra að vera stundvísir þegar komið er með börnin og þegar þau eru sótt. Að gefnu tilefni viljum við taka fram að við reynum að hjálpa til við að passa upp á eigin barnanna en getum ekki tekið ábyrgð á þeim.

Ef einhverjar spurningar vakna er hægt að hafa samband við Sóllilju í gegnum tölvupóst: sumarnamskeid@breidablik.is eða í síma 4418912.